

Reykjavík, 27. janúar 2020

Póst- og fjarskiptastofnun
vt. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Efni: Samráð um fyrirhugaða úthlutun á tíðniheimildum fyrir 5G og umsókn um 5G tíðnileyfi

Vísað er til samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) vegna samráðs um úthlutun á 3,6 GHz tíðnsviðinu þar sem veittur var frestur til 1. febrúar 2020 til þess að koma athugasemdum á framfæri. Síminn tekur undir með PFS hvað varðar úthlutunaraðferð og að í byrjun verði úthlutað til skamms tíma.

Vert er að hafa í huga að 5G tæknin er enn á byrjunarstigi og mikil þróun mun eiga sér stað á næstu 2-3 árum, í hugbúnaði og vélbúnaði kerfanna. Ekki er ólíklegt að sá búnaður sem að settur verður upp á þessu og næsta ári hafi skamman líftíma m.t.t. þessa og því mikilvægt að flýta sér hægt í uppbyggingu á fyrstu árum tækninnar.

Enn er lítið framboð af 5G endabúnaði, sem styður 5G fyrir bæði FDD og TDD tæknina, sem nýtist hinum almenn viðskiptavini í daglegu lífi. Þetta mun þó breytast á seinni hluta þessa árs.

Þess má geta að stóru aðilarnir á farsímamarkaði, Samsung og Apple sem eru með um 80% markaðshlutdeild í okkar neti, framkvæma sjálfir umfangsmiklar prófanir á 5G dreifikerfum áður en að opnað er á að símar frá þeim geti tengst kerfum farsímafélaga. Þessar prófanir geta tekið einhverja mánuði.

Síminn bendir því á í að raun er framkvæmdartími skilyrða er mjög skammur eða í kringum 18 mánuðir.

Síminn leggur því til að skilyrðum verði breytt (A) eða tímabundinn gildistími lengdur(B).

A) Óbreyttur gildistími en uppbyggingar skilyrðum breytt þannig að sendistöðum verði fækkað um 10 í heimild A,B og D. Einnig verði útbreiðslu krafa lækkuð um 5%.

Tíðniheimildir B3600 og D3600

Almenn krafa: Þjónustusvæði 5G þjónustu nái til 25% landsmanna og settir hafa verið upp og virkjaðir a.m.k. 30 5G sendar fyrir 31. desember 2021.

Sértæk krafa: Byggja skal upp 5G net í einum byggðarkjarna upp úr hverjum stærðarflokki sem nær til a.m.k. 90% íbúa byggðakjarnans og veitir að lágmarki 500 Mb/s meðalgagnaflutningshraða fyrir 31. desember 2021.

Tíðniheimild A3600 (vegna tímabundinnar takmörkunar á þjónustusvæði)

Almenn krafa: Þjónustusvæði 5G þjónustu nái til 15% landsmanna og settir hafa verið upp og virkjaðir a.m.k. 20 5G sendar fyrir 31. desember 2021.

Sértæk krafa: Byggja skal upp 5G net í einum byggðarkjarna upp úr hverjum stærðarflokki sem nær til a.m.k. 90% íbúa byggðakjarnans og veitir að lágmarki 500 Mb/s meðalgagnaflutningshraða fyrir 31. desember 2021

B) Gildistími lengdur til 31.desember 2022 en uppbyggingar skilyrði verða óbreytt.

Tíðniheimildir B3600 og D3600

Almenn krafa: Þjónustusvæði 5G þjónustu nái til 30% landsmanna og settir hafa verið upp og virkjaðir a.m.k. 40 5G sendar fyrir 31. desember 2022.

Sértæk krafa: Byggja skal upp 5G net í einum byggðarkjarna upp úr hverjum stærðarflokki sem nær til a.m.k. 95% íbúa byggðakjarnans og veitir að lágmarki 500 Mb/s meðalgagnaflutningshraða fyrir 31. desember 2022.

Tíðniheimild A3600 (vegna tímabundinnar takmörkunar á þjónustusvæði)

Almenn krafa: Þjónustusvæði 5G þjónustu nái til 20% landsmanna og settir hafa verið upp og virkjaðir a.m.k. 30 5G sendar fyrir 31. desember 2022.

Sértæk krafa: Byggja skal upp 5G net í einum byggðarkjarna upp úr hverjum stærðarflokki sem nær til a.m.k. 95% íbúa byggðakjarnans og veitir að lágmarki 500 Mb/s meðalgagnaflutningshraða fyrir 31. desember 2022

Varðandi endurnýjun tíðnileyfa þá vill Síminn gera nokkrar athugsemdir. Síminn leggst alfaríð gegn hugmyndum PFS að endurnýja heimildir með breyttum skilmálum án þess að gera með nokkrum hætti skilmerkilega grein fyrir því hverjar þær breytingar eru. Fjarskiptafyrirtæki sem sækja um leyfi núna, fjárfesta á þeim grundvelli. Ef það er óljóst hverjar breytingarnar verða þá getur það leitt til þess að það dragi úr vilja fjarskiptafyrirtækjanna til þess að nýta leyfin sem best. Þetta gefur haft þau áhrif að fjárfestingar tefjist enda er PFS í raun með fullkomlega opna heimild til þess að endurnýja leyfin með allt öðrum skilmálum, breyttum kröfu og mun meiri kostnaði.

Forsendur fyrir notkun leyfis geta fallið um sjálf t sig er það bætist við kostnaður við leyfið enda hlýtur að skipta mestu máli að leyfið sé nýtt. Síminn leggur til að framangreindur skilmáli með eftirfarandi hætti:

„Breyttir skilmálar skulu aðeins vera með ívilnandi hætti og skal gæta jafnræðis gagnvart öðrum fjarskiptafyrirtækjum sem hafa fengið úthlutað leyfum á sama tíma.“

Umsókn um tíðnileyfi

Síminn sækir um tíðnileyfi B3600, á 3500-3600 MHz, 100 MHz.

Síminn velur Hvolsvöll í flokki 1, Þorlákshöfn í flokki 2 og Egilsstaðir í flokki 3.

Virðingarfyllst,
f.h. Símans hf.



Erik Figueiras Torras, framkvæmdastjóri tæknisviðs

27.01.2020